

MÓTSREGLUR

- ✓ Keppt er á 4 völlum samtímis, 50 x 32 m.
- ✓ Leikmannafjöldi: 5 útileikmenn + markvörður.
- ✓ Leiktími er 2x12 mínútur.
- ✓ Leikhlé er 2 mín. og tími á milli leikja er 2 mín.
- ✓ Ein leikklukka er fyrir alla velli. Tímavörður setur leikklukku af stað þegar 2 mín. hafa liðið á milli leikja sem og eftir 2 mín. leikhlé. Ef lið eru ekki tilbúin á tilsettum tíma fer leikklukkan samt sem áður af stað og liðin missa þ.a.l. hluta af leiktímanum. Liðið sem talið er upp á undan BYRJAR alltaf leikinn.
- ✓ Þar sem leiktími er aldrei stöðvaður er ætlast til þess að þjálfarar/liðstjórar sækji meiddan leikmann og færi hann utan leikvallar og setji annan leikmann inn á, þegar leikurinn er í gangi.
- ✓ Ef markvörður slasast skal þó stöðva leik, leiktími er samt ekki stöðvaður. Þjálfari skal skipta um markvörð eins fljótt og auðið er.
- ✓ Verði lið jöfn að stigum í riðlakeppni gilda eftirfarandi reglur um röð liða:
 - Markamismunur
 - Ef markamunur er jafn, þá telst það lið ofar sem hefur skorað fleiri mörk.
 - Ef enn er jafnt gilda innbyrðisviðureignir
 - Ef enn er jafnt skal árangur gegn neðsta liðinu í riðlinum þurrkast út og reiknað út upp á nýtt (sbr. að ofan).
 - Hlutkesti er síðasta úrræðið.

✓ **Úrslitaleikir:**

Ef jafnt er að loknum venjulegum leiktíma telst það lið sigurvegari sem skoraði á undan markið í “jöfnunarstöðunni” / “lokastöðunni”.

Dæmi: Ef leikur Liverpool og Arsenal fer 2 – 2 þá telst það lið sigurvegari sem komst í 2 -1.

Ef leikur fer 0 – 0 sigrar það lið sem betri árangri náði (betta sæti – ekki stig) í riðlakeppninni (á einungis við í krossspili).

Ef úrslitaleikur um verðlaunasæti (1. – 3. Sæti í A – úrslitum, 1. Sæti í B – úrslitum) endar 0 – 0 skal leika 1 x 5 mín. framlengingu eða þar til mark er skorað (GULLMARK).

Verði enn jafnt skal fara fram vítaspyrnukeppni. 3 spyrnur á lið. Ef úrslit fást ekki úr því, fer fram bráðabani. Ekki skal framlengt í leiknum um 3. Sætið í B – úrslitum, liðin deila sætunum.

- ✓ **Mótafyrirkomulag:** Leikið er í fimm deildum og í hverri deild eru tveir fjögurra liða riðlar. Tvö efstu liðin í hverjum riðli komast í A – úrslit og leika þar “krossspil” og svo leiki um sæti. Tvö neðstu liðin í riðlunum fara í B – úrslit og leika þar “krossspil” og svo leiki um sæti. Öll lið spila 5 leiki í mótinu.
- ✓ **Verðlaun;** Gull, silfur og brons verða veitt fyrir 3 efstu sætin í A – úrslitum ásamt bikar á sigurliðið. Sigurvegarar B – úrslita fá bikar og gullpening.
- ✓ **Aðeins þjálfari,** einn liðstjóri og varamenn mega vera á hliðarlínu leikvallar.
 - Vinsamlegast verið á hliðarlínunni **Á MILLI VALLA.**
 - Hafið eins lítið af “dóti” og mögulegt er á hliðarlínunni.
- ✓ Áhorfendur skulu vera á bekkjum við veggina. Ef staðið er á hliðarlínu skyggir það á leikinn fyrir þá sem sitja á bekkjunum.
- ✓ **Skiptingar** á leikmönnum eru frjálssar. Gætið þess þó við leikmannaskipti að leikmenn sem skipta hafi ekki báðir áhrif á leikinn samtímis.
 - GÓÐ REGLA AÐ LÁTA LEIKMENNINA GEFA “FIVE” ÞEGAR ÞEIR SKIPTA..
- ✓ Gætið þess að leikmenn sóttreinsi sár sín, ef þeir fá slík í mótinu. Í afgreiðslu Reykjaneshallar er sóttreinsibúnaður.
- ✓ Aðrar reglur KSÍ um “mini knattspyrnu” gilda.

Knattspyrna er gleðigjafi

Höfum leikgleðina í fyrirrúmi - Njóttum helgarinnar saman!

